

Fréttatilkynning

Eftirfarandi ályktanir um aðgerðir í efnahagsmálum voru samþykktar á Landsfundi Frjálslynda flokksins í Stykkishólmi 14 mars sl.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands verði nú þegar færðir niður í 8% og síðar lækkaðir frekar eftir því sem unnt reynist. Frjálslyndi flokkurinn telur að tafarlaus og mikil lækkun stýrivaxta nú sé beinlínis lífsnauðsynleg fyrir fjárhag heimila og lykilatriði fyrir endurreisn atvinnulífs í landinu. Lágir vextir og stöðugt verðlag eru mikilvægustu forsendur endurreisnar

Samkvæmt ákvörðun Alþjóðagjaldeyrisjóðsins (AGS) hefur stýrivöxtum Seðlabanka Íslands verið haldið í 18 % á síðustu 4 mánuðum.

Þessir okurvextir eru afleiðing efnahagslegrar óstjórnar í landinu á síðustu árum og glórulausrar stýrivaxtastefnu Seðlabanka Íslands, sem leiddi til þess að mikið af erlendu fjármagni streymdi til landsins. Afleiðingin varð síðan falskt gengi krónunnar og útlánaþensla bankanna, sem árum saman skapaði mikla þenslu í þjóðfélaginu.

Áhrif hávaxtastefnu Seðlabankans urðu því öfug við það sem ætlað var og allir þekkja afleiðingarnar.

Í því harða samdráttarskeiði sem nú er hafið veldur hávaxtastefnan eignabruna og viðheldur verðbólgu. Ekkert efnahags og atvinnulíf fær þrifist undir slíku vaxtaokri. Fyrirtækin sigla í þrot í stórum stíl og sama máli gegnir um fjárhag fjölda heimila. Atvinnuleysi eykst hröðum skrefum svo þúsundir manna missa vinnuna.

Tilgangur hávaxtastefnunnar átti að vera sá að verja gengi íslensku krónunnar og hamla gegn verðbólgu. Sömu rökum var beitt við síðustu vaxtahækkun. Þessi stefna beið skipbrot með hörmulegum afleiðingum fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu.

Verðhækkningar vegna áhrifa af hruni krónunnar í haust eru nú komnar út í verðlagið. Mikill samdráttur hefur orðið í neyslu og ekkert fóður fyrir áframhaldandi verðbólgu, nema þeir ofurháu vextir sem nú ríkja, ásamt verðtrygging lána.

Því er brýnt að tekist sé á við báða þessa þætti án tafar.

Ekkert getur réttlætt annað og stjórnvöld verða að ná samkomulagi við fulltrúa AGS um vaxtalækkun án tafar.

Lækkun vaxta er brýnasta forgangsmálið í atvinnumálum og fyrir afkomu heimila.

Ályktun um að afnema verðtryggingu.

Verðtrygging lána í íslenskum krónum verði afnumin tímabundið, með því að frysta allar vísitölur í þrjú ár. Sá tími verði síðan notaður til undirbúnings því að afnema verðtrygginguna varanlega, þar til annar gjaldmiðill leysir krónuna af hólmi.

Greinargerð um afnám verðtryggingar

Sjónarmið manna, lærðra sem leikna varðandi verðtryggingu lána eru mjög ólík.

Þar skiptast menn algjörlega í tvö horn með og á móti.

Þegar hin svokallaða verðtrygging á lánsfé var tekin upp á Íslandi hafði ríkt hér mikil verðbólga um árabil. Lánsfé brann því upp í verðbólgu og lánasjóðir tæmdust. Meginástæða verðbólgunnar var hinsvegar áralöng vísitölubinding launa og verðlags sem mynduðu sjálfvirka skráfu. Um svipað leiti og öll lán urðu tengd lánskjaravísitölu var verðtrygging launa aflögð, sem hafði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir skuldugt fólk á þeim tíma, vegna þess mikla misgengis sem varð milli íbúðaverðs og lána. Það sama er að gerast nú.

Því verður að sjálfsgöðu ekki mótmælt að verðtrygging langtímalána hefur varið lánsfé gegn mikilli verðryrnun á þeim tíma sem verðbólga hefur ríkt og hún hefur reynst lífeyrissjóðunum mikilvæg. Hörð andstaða gegn því að lánskjaravísitalan yrði aftengd eða jafnvel aflögð er vel skiljanleg í því ljósi. Í vörn sinni fyrir því að viðhalda verðtryggingunni virðast menn hinsvegar hafa kosið að líta framhjá þeim miklu ókostum sem henni fylgja, sem nú vega þyngra en kostirnir.

Sannleikurinn er sá að rétt eins og samspil verðlags og launa skapaði mikla verðbólgu á árum áður, þá mynda hækkanir á lánskjaravísitölunni fóður fyrir áframhaldandi verðbólgu, sem er algjörlega úr sambandi við þann veruleika sem nú ríkir á Íslandi. Verðtryggingin sem slík er því verðbólgu skráfa sem eins og háir vextir grefur undan verðgildi krónunnar og tiltrú á henni sem gjaldmiðli.

Sá málflutningur að tímabundið afnám verðtryggingar nú leiði til mikils eignabruna hjá lánveitendum, eins og Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum og bönkum er því beinlínis rangur. Þvert á móti má færa fyrir því sterk rök að við núverandi aðstæður geri háir vextir og verðtrygging lána það miklu fremur.

Þessir þættir munu að óbreyttu rýra gildi krónunnar og verða þess valdandi að fjöldi skuldara fari í þrot með tilheyrandi landsflóttu.

Hversu mikils virði yrðu eignir lífeyrissjóðanna ef efnahagslífið færi í þrot?

Áframhaldandi verðtrygging lána mun því hafa alvarlegrar afleiðingar nú, ekkert síður fyrir lánveitendur heldur en skuldara.

Því er lagt til að lánskjaravísitalan verði aftengd nú þegar. Frjálslyndi flokkurinn telur að sú aðgerð sé mjög mikilvægur þáttur í efnahagslegri endurreisn þjóðarinnar.

Afnám verðtryggingar á lánum hefur m.a. eftirfarandi kosti í för með sér.

- 1. Mjög mikilvægur liður í að koma á varanlegum stöðugleika á verðlagi í landinu.*
- 2. Styrkir forsendur fyrir mikilli lækkun vaxta strax, þar sem helstu áhrifaþættir fyrir áframhaldandi hækkun verðlags nú, eru háir vextir og verðtrygging lána.*
- 3. Strax í framhaldi af framangreindum aðgerðum mun því draga hratt úr atvinnuleysi og viðsnúningur gæti komið áður enn langt um líður.*
- 4. Verðstöðugleiki og lágir vextir ásamt því að tiltrú skapist á krónunni veldur því að kaupmáttur almennings og fjáhagsstaða fyrirtækja batnar smám saman. Frostið sem nú ríkir breytist í þýðu.*